

LESTRARKLEFINN

Allt um bækur



Ævisögur, Skáldsögur

Manneskjusaga – Saga af vanmáttugu samfélagi

Katrín Lilja / 30/11/2018



Manneskjusaga eftir Steinunni Ásmundsdóttur er átakanleg saga Reykviskrar konu. Sagan er skáldævisaga byggð á rauverulegum atburðum sem gerast í ekki svo fjarlægri fortíð. Björg er sem kornabarn gefin til ættleiðingar. Foreldrar hennar eru einsetubóndi að austan og drykkjukona að norðan. Hún er ættleidd af hjónum í Reykjavík, sem gefa henni alla þá ást og umhyggju sem barn ætti að þurfa. Björgu líður þó alltaf eins og hún sé utanveltu í fjölskyldinni. Hún er frábrugðin öðrum börnum, klunnaleg og stórskorin og verður fyrir grimmilegu einelti í skólanum. Ellefu ára finnur hún út að hún sé ættleidd.

Ég veit eiginlega ekki hvað ég á að segja um þessa sögu. Sorgin og vonleysið er svo kæfandi. Vanmáttur samfélagsins, vald þöggunarinnar. Þörf eftir hjálp, sem hvergi er að fá. Sagan af Björgu fer bara niður á við.

Hún er sagan af því hvað gerist þegar allar hliðar samfélagsins bregðast einni manneskju. Þegar leyndarhyggja verður að biturð, reiði og gríðarlegri sorg.

Sagan af Björgu minnir mig á að enginn velur ónóttir sínar og enginn fyllir lífina. Enginn elskar enginn.

NÝJUSTU UMFJALLANIR


Amma – Draumar í lit

Skáldkonan, eldfjallið og fegurðardrottningin

Inga einhyrningur – Sátt í eigin líkama

Manneskjusaga – Saga af vanmáttugu samfélagi

LESTRARKLEFINN Á INSTAGRAM



Lejning og gagnaferðir, ferðir og gagnaferðir.

Sagan af Björgu minnir mann á að enginn velur sér sjálfur að ganga á ógæfuhlið lífsins. Fyrir ekki svo löngu átti ég samtalið við konu sem man tímana tvenna. Samtalið okkar barst að skjólstæðingum sem móðir hennar hafði tekið að sér. Fólk sem hafði leiðst út í fíkniefni, drykkjumenn, ungar konur sem höfðu ratað í vandræði. Móðir hennar dæmdi engan, sagði hún. Hver sem kom til hennar hafði þar skjólhús og hennar orð yfir þetta fólk var ógæfufólk. Það er ekki val að lenda í ógæfu og þegar maður les *Manneskjusögu* þá er það svo greinilegt. Ógæfan er ekki val. Ógæfan er sköpuð af samfélagi sem bregst manneskjunní.

Mér finnst sagan eiga fullt erindi til íslensks samfélags í dag. Sagan gerist ekki fyrir löngu síðan, þótt vissulega hafi margt breyst til batnaðar. Tekið er betur á eineltismálum í skólum, kennsluáferðir hafa breyst mikil og alls konar byltingar hafa gert það auðveldara að tala um erfið mál sem áður voru þöggð til dauða. Undirliggjandi tónn í bókinni er þó að það vantar aðstoð og úrræði fyrir fólk með geðsjúkdóma eða sem glímir við stór og smærri vandamál. Aðstoð við geðsjúka, þunglynda, kvíðna og aðra sem glíma við geðræn vandamál mætti vera mikil betri í dag sem og þá. Ég mæli ekki með bókinni fyrir þá sem vilja lesa eitthvað upplifgengi yfir hátíðarnar. En *Manneskjusaga* á fullt erindi til sem flestra lesenda.



Steinunn hefur skrifað sannfærandi sögu ógæfukonu sem samfélagið brást. Stúl Steinunnar er mjög hreinn og beinn. Atburðirnir eru sagðir eins og þeir gerðust í næstum köldum tón. Það er eins og sögumaður standi fyrir utan söguna og segi hana án allra tilfinninga sem magnar upp atburðina og gerir þá enn hryllilegri. Líklega hefði verið hægt að segja þessa sögu með alls kyns lýsingarorðum og upphrópunum, sársauka og þjáningu. En Steinunn sleppir því alveg og fyrir vikið fá atburðirnir og sagan sjálf að njóta sýn í allri sinni napurlegu dýrð.

Hits: 137


Deila:



Þú gætir haft áhuga á:



LESTRARKLEFINN Á FACEBOOK



LESTRARKLEFINN Á TWITTER



Lestrarklefinn @Lestrarklefinn1 · 13h
Amma – Draumar í lit er einlæg bók og fróðleg fyrir marga hluti. Hún er nett og litil og

